

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 131/406

komudagur 3.12.2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2. desember 2004

Tilvísun: 2004110025

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 11. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál.


Rétt er að taka fram að drög að frumvarpi þessu voru send til umsagnar í júlí sl. af hálfu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og kom Fjármálaeftirlitið ábendingum sínum á framfæri við ráðuneytið með umsögn sína um frumvarpið. Ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga Fjármálaeftirlitsins en þær eru eftirfarandi:

1. Æskilegt væri að í 2. grein frumvarpsins um gildistöku yrði tekinn af vafi sem getur skapast vegna orðalags gildistökuákvæðis í 3. gr. reglugerðarinnar. Vegna eftirlits og eftirfylgni við lögina er nauðsynlegt að skýrt sé frá hvaða tíma ákvæði laganna öðlast gildi.
2. Fallist er á það mat sem fram kemur í greinargerð með lagafrumvarpinu að heimildir Fjármálaeftirlitsins sem fram koma í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi séu fullnægjandi, en þá eingöngu til eftirlits með aðilum sem teljast eftirlitsskyldir skv. þeim lögum. Fjármálaeftirlitið hefur einnig, eins og bent er á, heimild til að setja leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og mun gera það ef tilefni verður talið til. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið að taka þurfi til frekari skoðunar hvort fært sé að setja í leiðbeinandi tilmæli reglur um það efni sem hér er lagt til. Í því sambandi er bent á að tilmæli þurfa að snúa beint að starfsemi eftirlitsskyldra aðila, auk þess sem vakin er athygli á því að leiðbeinandi tilmælum verður ekki jafnað til opinberra stjórnvaldsreglna.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið veita frekari upplýsingar eða skýringar vegna málsins, verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Guðbjörg Bjarnadóttir